

Reykjavík, 20. september 2022

Helstu atriði kröfugerðar Samiðnar vegna kjarasamnings við Samtök atvinnulífsins

1. Almenn

- Aukinn kaupmáttur launa; auknar ráðstöfunartekjur heimilanna
- Áhersla lögð á lága vexti og lækkun verðbólgu

2. Launaliður og afleiddar stærðir

- Hlutfallshækkun launa (prósentuhækkunar)
- Að launataxtar séu færðir að greiddum launum og endurspegli markaðslaun
- Semja um eina yfirvinnuprósentu- fella út yfirvinnu 1
- Tryggja að einingaverð í ákvæðisvinnu, verkfæra- og fatagjald fylgi almennum launahækkunum
- Hagvaxtarauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa

3. Bætt réttindi í kjarasamningi aðila

- Aukinn orlofsréttur, sbr. opinberi markaðurinn (30 daga orlof; 13,04%)
- Frekari styttingu vinnuvikunnar
- Bættur veikindaréttur
- Ákvæði um hlutaveikindi
- Breyta launuðum dögum vegna veikinda barna í rétt vegna veikinda nákominna ættingja
- Aukinn veikindaréttur vegna veikinda barna/ miðað verði við 18 ára aldur
- Bættar slysatryggingar
- Samræming réttinda milli samninga
- Samningsbundin ávinnsla réttinda fylgi starfsmanni ef skipt er um starfsvettvang
- Bæta við þrepum í lágmarks launatöflu
- Lengri uppsagnarfrestur
- Ferðatími vegna vinnu
- Launagreiðslur vegna fjarvera v/óveðurs
- Ákvæði um fjarvinnu skýrð

4. Verkmennun

- Verk-og tækninám verði sett í forgang í skólakerfinu og tryggt verði nægjanlegt fjármagn til að mæta aukinni aðsókn
- Tryggja þarf aukið fjármagn í vinnustaðasjóð og að nemendur geti lokið starfsþjálfun á réttum tíma
- Tryggt verði að refsíákvæði iðnaðarlaga nr. 48/1978 taki til atvinnurekenda sem hafa starfsmenn í vinnu sem sinna iðnaðarstörfum án þess að hafa hlotið til þess staðfestingu

5. Félagsleg undirboð

- Gera vinnustaðaeftirlit markvissara og skilvirkara en verið hefur
- Farið verði í sérstakt átak til að útrýma kennitölufлакki
- Keðjuábyrgð verði almenn og taki til alls vinnumarkaðarins

6. Lengd samningstíma

- Tryggja þarf endurskoðunarákvæði kjarasamninga með skýrum forsenduákvæðum
- Ef forsendur breytast í samfélaginu varðandi launþróun, verðbólgu og hagvöxt skuli samningar endurskoðaðir

Samninganefnd Samiðnar áskilur sér rétt til þess að koma með frekari kröfur vegna einstakra greina í kjarasamningi í þeim viðræðum sem framundan eru. Sérkröfur aðildarfélaga Samiðnar koma fram á seinni stigum viðræðna.

F.h. Samiðnar



Hilmar Harðarson